

## L Ö G

11

12. febr.

## um sölu og útflutning á vörum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.

## 2. gr.

Leyfi til útflutnings á íslenskum vörum, sem veitt hafa verið af ríkisstjórninni eða einstökum stofnunum fyrir gildistöku þessara laga, eru úr gildi fallin.

## 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka lög-gildingu ríkisstjórnarinnar.

## 4. gr.

Ríkisstjórnin getur falið nefnd, er hún skipar, að fara með það vald, er henni er veitt samkvæmt lögum þessum.

## 5. gr.

Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, er við kemur framkvæmd þessara laga, þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

## 6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 10 1. febrúar 1936, og bráðabirgðalög frá 29. ágúst 1939.

## 7. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100000 krónum, eða fangelsi ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*